



Spáum 0,4% hækkun vísitölu neysluverðs milli mánaða

Hagstofan birtir febrúarmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 27. febrúar. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,4% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkan verðbólgan úr 1,7% í 1,9%.

Janúarmæling VNV kom nokkuð á óvart. Vísitalan lækkaði um 0,74% milli mánaða, en opinberar spár lágu á bilinu -0,5% til -0,4%. Við höfðum spáð 0,4% lækkan. Skýrist munurinn af því að flugfargjöld til útlanda lækkuðu mun meira milli mánaða en við áttum von á og reiknuð húsaleiga lækkaði einnig milli mánaða, þvert á væntingar okkar.


Helstu undirliðir:

- Samkvæmt verðkönnun okkar lækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 2,0% milli mánaða.
- Við teljum að áhrif vaxtabreytinga á **reiknaða húsaleiga** verði um 0,3 prósentustig til lækkunar og að húsnaðisverð hækki um 0,4%. Samantekið gerum við því ráð fyrir að reiknuð húsaleiga hækki um 0,1%.
- **Flugfargjöld til útlanda** lækkuðu um 12,7% milli mánaða í janúar. Það var tæplega 10% ódýrara að fljúga til útlanda í janúar 2020 en janúar 2019. Við teljum að þessi munur sé ekki kominn til að vera og líklegt að hann minnki strax í febrúar.
- Janúarútsölnar á **fötum og skóm** voru svipaðar og síðustu ár. Árin 2017 og 2019 teygðust útsölnar inn í verðkönnunarvikuna í febrúar sem skýrir litla hækkun milli mánaða þá. Okkur sýnist útsölnar hafa klárast fyrr í ár og því hækkan þessi liður meira en fyrir ári síðan.
- Janúarútsölnar á **húsgögnum og heimilisbúnaði** voru einnig svipaðar og síðustu ár og gerum við því ráð fyrir svipaðri hækkun milli mánaða í febrúar og fyrri ár.

Spá okkar um breytingu vísitölunnar milli mánaða í febrúar er óbreytt frá síðustu spá sem við birtum um miðjan janúar. Spáin fyrir verð á fötum og skóm

	Vægi í VNV	Breyting	Spá Áhrif
Bensín og díselolía	3,5%	-2,5%	-0,09%
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	-4,0%	-0,05%
Heilsa	4,0%	-0,4%	-0,02%
Kaup ökutækja	5,6%	-0,1%	-0,01%
Menntun	0,4%	0,0%	0,00%
Póstur og sími	1,8%	0,0%	0,00%
Ferðir og flutningar (annað)	4,2%	0,2%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,8%	0,2%	0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	6,8%	0,2%	0,01%
Matur og drykkjarv.	13,4%	0,1%	0,01%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,1%	0,02%
Áfengi og tóbak	2,5%	0,9%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,2%	0,2%	0,03%
Tómst. og menning	10,1%	0,4%	0,04%
Föt og skór	3,9%	4,0%	0,16%
Húsgögn og heimilisb.	5,2%	5,5%	0,29%
Alls	100,0%		0,44%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



hækkar ásamt liðnum flugfargjöld til útlanda en spá um reiknaða húsaleigu og bensín lækkar.

Útlit fyrir að verðbólga haldist undir markmiði næstu mánuði

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Mars: +0,4% milli mánaða, 1,8% ársverðbólga
- Apríl: +0,3% milli mánaða, 1,7% ársverðbólga
- Maí: +0,0 milli mánaða, 1,5% ársverðbólga

Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í febrúar og bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru:

1. Kjaraviðræður

Samningar eru enn lausir hjá stórum hluta opinberra starfsmanna og eru verkfallsaðgerðir hafnar í deilu Eflingar og Reykjavíkurborgar. Ólíklegt er að niðurstaða þessara samninga hafi áhrif á verðbólgu næstu þriggja mánaða en þetta gæti haft áhrif seinna.

2. Húsnæðisverð

Fasteignaverð, eins og Hagstofan mælir og notar í útreikning á reiknaðri húsaleigu, hefur lækkað tvo mánuði í röð. Ekki er að sjá samsvarandi hreyfingar í vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu sem Þjóðskrá birtir. Óhætt er því að segja að þetta séu nokkuð misvísandi vísbendingar sem eykur óvissu.


3. Þróun á útlánsvöxtum

Útreikningar Hagstofunnar á kostnaði við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) byggist meðal annars á vaxtakjörum á þinglýstum húsnæðislánnum. Óvíst er hvort Peningastefnunefnd eigi eftir að lækka vexti frekar í þessu vaxtalækkunarferli. Einnig er óvíst hvort viðskiptabankarnir muni geta skilað frekari stýrivaxtalækkunum út í húsnæðislán, en innlánsvextir og vaxtamunur þjóna sem visst gólf.


4. Gengi krónunnar

Krónan hefur verið stöðug síðasta ár. Við eigum von á að svo verði áfram. Ef breyting verður á og krónan annað hvort styrkist eða veikist verulega frá núverandi gildum, mun það hafa áhrif á þróun verðbólgunnar.

Mánaðarbreyting VNV í febrúar



Verðbólguþspá





5. Flugfargjöld til útlanda

Okkur og öðrum greiningaraðilum hefur gengið verr að spá fyrir um mælingar Hagstofunnar á flugfargjöldum til útlanda eftir að WOW air fór í þrot, en Hagstofan þurfti að breyta aðferðafræði sinni í kjölfarið. Það er ekki útilokað að áfram geti munað verulega á spám okkar og mælingum Hagstofunnar.

6. Vaxtastigið og framleiðsluspennan

Vextir eru núna í sögulegu lágmarki hér á landi og er því meiri óvissa um áhrif vaxtabreytinga þar sem lítið er um söguleg gögn til að styðjast við. Flestar opinberar spár gera ráð fyrir að hagkerfið taki við sér að einhverju leyti í ár. Gangi það ekki eftir mun það að öðru óbreyttu þýða minni verðbólguþrýsting en ella.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.